

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Vesturbyggð 26. Febr. 2025

Athugasemdir við tillögur Vesturbyggðar varðandi sérreglur við úthlutun byggðakvóta Vesturbyggðar 2024/2025.

Undirritaður vill hér gera athugasemdir við tillögur Vesturbyggðar um breytingu á 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025. „Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiarís, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan **sveitarfélagsins** á tímabilinu 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.“

Í þessu sambandi má benda á að stór hluti báta sem skráðir eru í byggðarlaginu Brjánslæk (fyrrum Barðastrandarhreppur) eru með málamyndaskráningu þar, en eru gerðir út annarstaðar í sveitarfélaginu og hafa þeir margir hverjir ekki landað einum sporði í heimahöfn árum saman, þannig að úthlutun byggðakvóta sem ekki byggir á löndunum í heimahöfn mun ekki verða byggðarlaginu þar til nokkurs gagns og vandséð hvaða rök liggja fyrir því að undanþiggja kröfu um að úthlutun sé byggð á löndunum í heimahöfn. Færa má og rök fyrir því að tilgangur laga um byggðakvóta hafi alls ekki verið sá að stuðla að samdrætti í einstökum byggðarlögum innan sveitarfélaga á þeim stöðum þar sem byggðarlög hafa sameinast á undanförunum árum.

Ennfremur er gerð athugasemd við tillögur Vesturbyggðar um sérreglur við úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í Vesturbyggð 2024/2025 þar sem segir „Á Bíldudal, Brjánslæk og Patreksfirði er fiskiskipum skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan **sveitarfélagsins** á tímabilinu frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025. Á Tálknafirði er fiskiskipum skylt að landa innan **byggðalagsins** þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.“

Í rökstuðningi Vesturbyggðar kemur fram að eina starfandi fiskvinnslan í Vesturbyggð sé staðsett á Patreksfirði, sem er villandi þar sem undanfarin ár hefur verið starfandi í a.m.k. hálft árið fiskvinnslan Sæfrost ehf á Brjánslæk sem hefur tekið við og unnið afla af bátum þar, og mér vitanlega er starfandi þar enn. Vesturbyggð gerir þarna tillögu um óeðlilega mismunun á milli byggðarlaga innan sama sveitarfélags, sem fellst í því að löndunarskylda er aðeins ráðgerð í einu byggðarlagi sveitarfélagsins. Augljóslega er þarna verið að stuðla að því að byggðakvóta verði síður landað í heimahöfn og síður af heimabátum sem róa að staðaldri frá Brjánslæk, sem getur ekki talist hagsmunir viðkomandi byggðarlags. Benda má á að fjarlægð á milli umræddra byggðarlaga (hafna) er 55 kílómetrar, sem er lengra en skilgreint hefur verið sem eitt atvinnusvæði. Rökstuðningur Vesturbyggðar fyrir sérreglum fyrir byggðarlagið sem er fyrrum Barðastrandarhreppur, á ekki við þar og er í raun andstætt lögum og reglugerðar um byggðakvóta.

f.h. Áratogs ehf.
Bjarni Svanur Kristjánsson